

7. gr.

Til viðbótar lántökuheimildum í 4. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka lán, sem hér segir:

Til kaupa á öryggistækjum vegna flugmála	3.8 m.kr.
Til raforkumála	17.4 —
Til landshafna	3.0 —

8. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ráðstafa af greiðsluafgangi ársins 1966:

27 m.kr. til vegagerðar.
13 m.kr. til bygginga við menntaskólana.
13 m.kr. til viðbyggingar Landsspítalans.

9. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa fasteignirnar nr. 12 við Vonarstræti fyrir allt að 7030 þús. kr. og Skjaldbreiðareignina við Kirkjustræti fyrir allt að 14 millj. króna, svo og að taka andvirði fasteignanna að láni.

10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa hús að Laugarvatni til sameiginlegra afnota skólanna þar, fyrir allt að 1150 þús. kr., svo og að taka hluta kaupverðsins að láni.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson. Birgir Finnsson. Gizur Bergsteinsson.
(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. málsg. 37. gr. laganna orðist svo:

Við Háskóla Íslands eru þessi prófessorsembætti: 1) Í guðfræðideild 4, 2) í læknadeild 16, 3) í lagadeild 6, en sjötta embættið skal þó eigi veita, fyrr en fé er veitt til þess í fjárlögum, 4) í viðskiptadeild 4, 5) í heimspekideild 13, og er eitt þeirra embætti forstöðumanns Handritastofnunar Íslands, sbr. lög nr. 36 18. apríl 1962, 6. gr., 6) í verkfræðideild 6.

2. gr.

Við 1. málsgr. 38. gr. bætist svofelld ákvæði:

Prófessorinn í fæðingarhjálp og kvensjúkdómum veitir forstjórn fæðingardeild Landspítalans, og prófessorinn í röntgenfræði veitir forstjórn röntgendeild Landspítalans.

2. málsgr. 38. gr. falli niður.

3. gr.

Lög þessi taka þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 41 13. maí 1966, um breyting á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson. Birgir Finnsson. Gizur Bergsteinsson.
(L. S.)

Gylfi P. Gislason.

L Ö G

um breyting á og viðauka við lög um almenningsbókasöfn,
nr. 22 frá 26. apríl 1963.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir VI. kafla laganna komi nýr VII. kafli, 36.—40. gr., og breytist greinatala laganna samkvæmt því.

VII. KAFLI

36. grein. Greiðsla til islenskra rithöfunda fyrir bækur þeirra í almenningsbókasöfnum skal goldin árlega úr sjóði, sem nefnist Rithöfundasjóður Íslands.

Árlegt framlag ríkissjóðs og bæjar-, sveitar- og sýslusjóða til Rithöfundasjóðs Íslands skal vera:

- a) úr ríkissjóði: Fjárhæð, sem nemur 10% álagi á árlega fjárveitingu til rekstrar bæjar-, héraðs- og sveitarbókasafna.
- b) úr bæjar-, sveitar- og sýslusjóðum: Fjárhæð, sem nemur 10% álagi á árleg lágmarksframlög þessara sjóða til safna skv. a-lið, sbr. I. og II. kafla þessara laga.

Greiðsla til þýðenda, sem eru í Rithöfundasambandi Íslands eða stjórn Rithöfundasjóðs Íslands viðurkennir, skal vera helmingur af greiðslu fyrir frumsamdar bækur.

Greiðsla fyrir safnrit eða önnur bókmenntaverk, sem eru eftir fleiri en einn höfund, svo og fyrir rit, sem njóta höfundaréttar, en ekki finnast réttthafi að innan þriggja ára, skal leggjast í sérstakan sjóð, sbr. 38. gr. Í þann sjóð skal og renna það höfundafé, sem ekki nemur fullum 300 krónum.